

SÁTTMÁLI GEGN EINELTI, ÁREITNI OG OFBELDI



Við þekkjum stefnu og viðbragðsáætlun skólans gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi og erum meðvituð um skyldur okkar.

Við sýnum kurteisi og virðingu í öllum samskiptum. Við líðum ekki einelti, áreitni eða ofbeldi.

Við beitum ekki slíkri háttsemi og vitum að meðvirkni getur skaðað starfsfólk og vinnustað okkar.

Við tökum tillit til ábendinga um að við getum bætt fram komu okkar.

Við berum sameiginlega ábyrgð á vinnuumhverfinu og leggjum okkar af mörkum til að bæta það enn frekar.

Við erum ólík, með mismunandi bakgrunn og lífsskoðanir, en sýnum hvert öðru virðingu í öllum samskiptum.

Við skiljum að upplifun af samskiptum er mismunandi og gerum ekki lítið úr viðbrögðum og tilfinningum annarra.

Við ræðum um framkomu sem okkur mislíkar, tökum upp varnir fyrir þá sem brotið er gegn og styðjum starfsfólk í að breyta hegðun sinni.

Góð vinnustaðamenning skiptir sköpum fyrir vellíðan starfsfólks.

Á vinnustaðnum eigum við góð samskipti og virðum þennan sáttmála.

